

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur tanntækna.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig tanntækni og starfa sem slíkur hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa námi, sem viðurkennt er af heilbrigðisráðherra. Leita skal umsagnar landlæknis áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Starfsvettvangur tanntækna er á tannlæknastofum, heilbrigðisstofnunum, uppeldis- og fræðslustofnunum. Þeir annast móttöku sjúklinga, aðstoða tannlækna við klínísk störf, sjá um hreinsun áhalda og tækja, annast bókanir og bókhald vegna sjúklinga og tannverndarstörf. Tanntæknar starfa skv. fyrirmælum tannlækna og undir handleiðslu og á ábyrgð þeirra.

4. gr.

Óheimilt er að ráða sem tanntækna, aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Tanntæknum er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt þeir láti af störfum.

6. gr.

Tanntæknum ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

7. gr.

Um tanntækna gilda að öðru leyti reglur læknalaga nr. 53/1988. Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi og sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda.

8. gr.

Þeir sem fengu starfsleyfi samkvæmt reglugerð nr. 258/1990 um menntun, réttindi og skyldur aðstoðarmanna tannlækna hafa rétt til að kalla sig tanntækna samkvæmt reglugerð þessari.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta og skv. lögum um tannlækningar nr. 38/1985, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er reglugerð nr. 258/1990 úr gildi felld.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. apríl 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Sólveig Guðmundsdóttir.